

Hjörtur Oddsson

hjartalæknir

Skógrækt lækna

Skoðanakannir sýna að yfir 70% af Íslendinga eru hlynnt skógrækt. Það hefur verið talsverð ræktun í kringum mig í uppvestinum. Það læra börnin sem fyrir þeim er haft. Þegar ég var í sérfræðinámi erlendis bjó ég í grónu hverfi í Örebro í Svíþjóð. Lóðir í þessu hverfi voru nokkuð stórar og mjög mikið af ávaxtatrjám. Ég gróðursetti þrjú ávaxtatré og stundaði aðra ræktun. Að tengja tré einstaklingum er mjög skemmtilegt, strákarnir mínir fengu eitt tré hver. Sumir setja niður tré í minningu látinna.

Það hefur komið mér á óvart hvað lækna tengjast allskonar ræktun mikið. Á Íslandi hafa þeir verið mjög áhugasamir að gróðursetja plöntur og rækta matjurtir. Bjarni Pálsson landlæknir (1719-1779) ræktaði matjurtir og reyndi akuryrkju á Seltjarnarnesi. Hans J. G. Schierbeck var landlæknir á Íslandi seinni hluta 19. aldar. Hann fékk leyfi til að hefja þar garðrækt og var það tilraunagarður matjurta og trjáa. Þessi garður er þar sem nú er Fógetagarðurinn í miðbæ Reykjavíkur. Silfurreynirinn er gróðursettur af honum árið 1884 og er elsta lifandi innflutta tréð á Íslandi. Einnig er gaman að nefna að Carl von Linné (1709-1778) var menntaður sem læknir og praktiseraði sem læknir í Stokkhólmi áður en hann gerðist prófessor í botanic (grasafræði) í Uppsölum.


Skógrækt á Íslandi er ekki gömul. Það var um aldamótin 1900 sem ákveðið var að byrja ræktun á skógi. Í byrjun 1901 orti Hannes Hafsein eftirfarandi ljóð fyrir minni landsins:

Íslandsljóð

*Sú kemur tíð, er sárin foldar gróa,
sveitirnar fyllast, akrar hylja móa,
brauð veitir sonum móðurmoldin frjóa,
menningin vex í lundi nýrra skóga*

Fyrst um sinn gekk skógrækt illa, en eftir 1950 höfum við byrjað að sjá árangur. Sérstök landfræðileg staða Íslands gerir það að verkum að plöntur frá öðrum löndum ná ekki til okkar. Við verðum að færa þær hingað sjálf ef við ætlum að rækta tré. Það hefur gengið vel ef vel er að verki staðið og mikið betur en menn halda.

Það hefur komið mér á óvart hvað lækna tengjast allskonar ræktun mikið. Á Íslandi hafa þeir verið mjög áhugasamir að gróðursetja plöntur og rækta matjurtir.



Ég hef alltaf haft áhuga á að eignast land og fékk loks tækifæri til þess fyrir sex árum síðan og byrjaði strax að gróðursetja í lyngmóa í Grímsnesinu. Það leiddi til þess að félagi minn benti mér á Trjáræktarklúbbinn sem er lítill klúbbur „nörda“ í trjárækt. Við gengum í klúbbinn og það opnaði á nýja möguleika. Ég hélt, eins og flestir, að mörg tré þrífust ekki á Íslandi. En sennilega eru meira en 300 tegundir trjáa sem þrífast hér. Hitakaflar unanfarna áratugi hafa haft veruleg áhrif á þessa möguleika.

Við í Trjáræktarklúbbnum flytjum fræ frá öllum heimshornum og ræktum þau í gróðurhúsi. Við söfnum fræjum af Íslenskum trjám sem hafa vaxið vel og borið fræ. Mörg tré sem virðast þrífast betur á Íslandi en annarstaðar. Má þar nefna margar tegundir af reyni. Það sem mér hefur komið á óvart er að klúbburinn er með eikur í ræktun. Var mér þá benti á að það væru eikur sem hefðu náð átta metra hæð í Reykjavík. Ef fram fer sem horfir með áframhaldandi hlýnun, hefur Ísland mikla möguleika á að rækta tré og mynda skóga sem væru þá sambærilegir við skóga í Skotlandi og Englandi. Það að rækta tré frá fræi er mjög skemmtileg iðja og gefandi. Margir hafa gert grín að því að ég muni ekki fá að njóta skugga þessara trjáa sem ég rækta.